

11. Aðalfundur Orkubús Vestfjarða ohf. 11. maí 2012

Skýrsla Orkubússtjóra Kristjáns Haraldssonar

Fundarstjóri, fulltrúar hluthafa og aðrir fundarmenn, verið öll velkomin til 11. aðalfundar Orkubús Vestfjarða ohf.

Fækkun íbúa á Vestfjörðum er stærsta ógnin við framtíðarrekstur Orkubús Vestfjarða. Árið 1984 bjuggu um 10.400 á veituvæði Orkubús Vestfjarða en nú eru íbúar þar um 7.000. Með sama áframhaldi verður engin íbúi eftir á Vestfjörðum að 50 árum liðnum. Stjórnvöld verða tafarlaust að grípa til aðgerða til að hindra frekari eyðingu byggðar og má þar fyrst nefna bættar samgöngur og jöfnun búsetukostnaðar.

Rafmagnsverð á Vestfjörðum stenst fyllilega samkeppni við það sem best gerist annars staðar á Íslandi en þrátt fyrir það er orkukostnaður heimila og fyrirtækja hærrí á Vestfjörðum og er ástæðan sú að Vestfirðingar hafa ekki aðgang að ódýrari orkugjöfum en rafmagni til húshitunar. Það er mikilvægt, ef tryggja á byggð, að þessi búsetumismunur verði jöfnuð.

Það er umtalsvert kostnaðarsamara að dreifa raforkunni í dreifbýli heldur en þéttbýli og greiða íbúar í dreifbýli töluvert hærra verð fyrir dreifingu raforkunnar þrátt fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Það er réttlætismál og nauðsynleg aðgerð til styrkingar byggðar að þessar niðurgreiðslur verði auknar þannig að raforkuverð verði það sama í þéttbýli og dreifbýli.

Árið 2011 varð hagnaður af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða sjöunda árið í röð. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var undir meðaltali síðustu 10 ára. Flutningskerfi Orkubúsins urðu ekki fyrir neinum meiri háttar rekstraráföllum.

Á árinu 2009 voru teknar ákvarðanir um virkunarframkvæmdir og endurnýjun í Mjólkárveikjun á árunum 2010 og 2011. Gert var ráð fyrir að kostnaður yrði um 1.000 Mkr. og ætlaði Orkubúið að fjármagna verkið með fé frá rekstri, á árunum 2010 - 2012, þannig að ekki þyrfti að taka langtímalán þeirra vegna. Þetta hefur gengið eftir og var ný 7 MW veikjun, Mjólká II, tekin í notkun í lok síðasta árs. Heildarkostnaður við verkefnið varð um 900 Mkr.

Á árinu 2011 var 662 Mkr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 23,1 Mkr.. Lokið var við 7 MW veikjun. Settur var upp og tengdur nýr 1250 kVA spennir fyrir rafskautsketil að Skeiði Ísafirði. Tekinn var í notkun jarðstrengur í stað loftlínu frá aðveitustöð Skeiði Dýrafirði að Þingeyri. Unnið var við endurnýjun Bíldudalslínu vegna fyrirhugaðrar spennuhækkunar. Reykjanesálma í Reykhólalínu var endurnýjuð og þrífösuð með plægingu jarðstrengs. Plægður var jarðstrengur fram Staðardal í Steingrímsfirði. Rofahús Í Trékyllisvík var endurnýjað og gert fjarstýranlegt. Lagður var nýr sæstrengur frá Reykjanesi að Nauteyri í

Ísafjarðardjúpi. Unnið var áfram við styrkingu rafdreifikerfis í Ísafjarðardjúpi og Mýrarárvirkjun var gerð fjarstýranleg.

Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að fjárfestingar Orkubúsins verði um 300 Mkr. Nánar er gerð grein fyrir væntanlegum fjárfestingum í ársskýslu Orkubúsins.

Á árinu 2011 voru skráðar rekstrartruflanir í raforkukerfinu alls 188, en voru 214 á árinu 2010. Þar af voru 96 vegna fyrirvaralausra truflana og 92 vegna skipulagðs viðhalds og breytinga. Fyrirvaralausar truflanir á 132kV kerfi Landsnets á Vestfjörðum urðu 3 á árinu 2010 og 13 á 66kV kerfinu. Þar af 9 á Tálknafjarðarlínu. Bilanir á 132kV og 66kV kerfi Landsnets hafa langvíðtækust áhrif því þær valda víðtæku rafmagnsleysi á Vestfjörðum.

Landsnet hefur nú tekið ákvörðun um að setja upp 10 MW díselrafstöð með 10 MW raflöðu sem getur séð kerfinu fyrir rafmagni meðan vélarnar eru ræstar. Þetta verður gert til að tryggja að afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum verði sambærilegt við það sem gerist annars staðar í landinu.

Í hitaveitukerfinu voru skráðar bilanir 8 á árinu 2011 en voru 13 árið áður.

Heildarorkuöflun Orkubús Vestfjarða á árinu 2011 var alls 253,5 GWh, jókst um 7,1% frá fyrra ári og skiptist þannig:

Raforkuvinnsla vatnsaflsvirkjana Orkubús Vestfjarða var 76,9 GWh, eða 30,4% orkuöflunarinnar og jókst um 4,7% frá fyrra ári. Framleiðsla vatnsaflsvélanna var undir meðallagi á liðnu ári og er skýringa fyrst og fremst að fleita í þurru og úrkomulitlu ári og því að Mjólká II var ekki í rekstri um nokkra vikna skeið vegna endurnýjunar.

Orkuvinnsla díselstöðva var 1,1 GWh, eða 0,5% orkuöflunarinnar og var 60% meiri en á s.l. ári.

Orkuvinnsla í olíukötlum vegna hitaveitna var 0,6 GWh, eða 0,2 % orkuöflunarinnar og var um tvöfalt meiri en á s.l. ári.

Orkuvinnsla úr borholum á Laugum í Súgandafirði og á Reykhólum er metin 13,4 GWh, sem er 5,3% orkuöflunarinnar og jókst um 6,8% frá fyrra ári.

Heildarorkuvinnsla fyrirtækisins var því 92,2 GWh, eða 36,4% af heildarorkuöfluninni og jókst um 5,9% frá fyrra ári.

Orkukaup af Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, HS veitum, Dalsorku, Tunguvirkjun, Sængurfossvirkjun, Hvestuveitu og Funa ásamt kaupum á jöfnunarorku frá Landsneti voru 161,3 GWh á síðasta ári, eða 63,6% orkuöflunarinnar og voru orkukaupin 7,8% meiri en árið áður.

Af Dalsorku, Tunguvirkjun, Sængurfossvirkjun og Hvestuveitu voru keyptar 10,8 GWh af raforku og voru kaupin 14,5% meiri en árið áður.

Af Landsvirkjun (33,1 GWh), Orkuveitu Reykjavíkur (25,4 GWh) og HS veitum (2,2 GWh) voru keyptar 60,7 GWh af forgangsortu og jukust kaupin milli ára um 19%. Ennfremur voru keyptar 88,4 GWh af ótryggðri orku og voru kaupin um 6,2% meiri en á fyrra ári.

Ótryggða orkan er notuð í rafskautskötum Orkubúsins á Ísafirði, Bolungarvík, Patreksfirði, Flateyri og Suðureyri og hjá nokkrum viðskiptavinum sem hafa gert samning um kaup á ótryggðri orku.

Kaup á jöfnunarorku voru 1,3 GWh og voru orkukaupin 41,2% minni en árið áður.

Svo sem kunnugt er hefur sorpbrennslu í Funa nú verið hætt og orkukaupum þaðan því sjálfhætt.

Á s.l. ári var vél II í Mjólkárveitunni endurnýjuð. Stöðvarhúsið var stækkað og 5,7 MW vél var skipt út fyrir 7 MW vél og allur rafbúnaður endurnýjaður. Framkvæmdin stóðst bæði tímaáætlun og kostnaðaráætlun. Nú í sumar verður unnið að lokafrágangi vegna Mjólkárverkefnisins. Afl vélanna í Mjólká hefur nú aukist um 2,5 MW og er kostnaður við framkvæmdirnar undir áætlun. Á næstu árum þarf að taka ákvörðun um endurnýjun vélar I.

Svo sem kunnugt er hefur Alþingi ekki enn samþykkt rammaáætlun um virkjanakosti en samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu að þingsályktun er Glámuveitun sett í biðflokk. Næstu skref Orkubúsins verða að skoða hagkvæmni smærri kosta, en sumir þeirra eru innan Glámuveitisins munu útiloka stærri virkjun af Glámuhálendinu.

Samkvæmt þeirri tillögu að þingsályktun sem nú liggur fyrir Alþingi er Hvalá í Ófeigsfirði sett í nýtingarflokk og er því fagnað. Fyrirtækið Vesturverk ehf. hefur aflað sér vatnsréttinda á virkjanasvæði Hvalárvirkjunar og samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Vesturverks er gert ráð fyrir að unnið verði við rannsóknaboranir og slóðagerð nú í sumar. Ef áform Vesturverks ganga eftir er reiknað með gangsetningu virkjunarinnar í árslok 2016.

Á s.l. ári var unnið að undirbúningi jarðhitaleitar í Vesturbyggð og Tálknafirði í samvinnu við sveitarfélögin.

Landsvirkjun sagði upp samningum um ótryggða orku og bauð upp á ný kjör fyrir kaupendur ótryggðrar orku. Þessi nýju kjör jafngilda 30% hækkun á verði orku til kyndistöðva Orkubúsins.

Eftir umfjöllun um orkuöflunina mun nú gerð grein fyrir orkusölunni 2011.

Að undanskilinni ótryggðri orku til hitaveitu fóru um rafdreifikerfi fyrirtækisins 133,1 GWh og jókst um 6,7% frá fyrra ári.

Frá hitaveitum voru seldar 82,6 GWh á síðastliðnu ári og jókst salan um 2,7% miðað við fyrra ár.

Aðrir söluaðilar en Orkubúið seldu um 4,1 GWh á veitusvæði Orkubúsins á liðnu ári en sala OV á öðrum veitusvæðum var einungis um 0,6 GWh. Þá seldi OV jöfnunarorku sem nam 13,8 GWh á síðasta ári.

Heildarsala fyrirtækisins varð því 225,9 GWh og jókst um 8% milli ára.

Greiðsla ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis var 204,4 Mkr. og Orkubúsins 11,4 Mkr.. Samtals var upphitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum því greiddur niður um 215,8 Mkr. og hækkaði niðurgreiðsluupphæðin um 8,3% milli ára.

Á alla orkusölu, nema húshitun, var lagður 25,5% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 7% virðisaukaskattur. Á raforkusölu var lagður sérstakur skattur að upphæð 0,12 kr á hverja kWh og á sölu hitaveina er skatturinn 2% af reikningsupphæð.

Þegar sett var sérstök verðskrá fyrir raforkudreifingu í dreifbýli var ætlun stjórnvalda að greiða hana niður að því marki að hún yrði jafndýr og raforkudreifing í þéttbýli þar sem hún er dýrust. Ekki er ráðstafað nægu fé til verkefnisins þannig að þessu markmiði stjórnvalda hefur aldrei verið náð. Framlög til þessa verkefnis hafa ekki heldur fylgt verðlagsþróun þannig að munurinn á milli dreifbýlis og þéttbýlis hefur aukist með árunum. Til þessa verkefnis var á s.l. ári ráðstafað 245 Mkr. og til Vestfjarða runnu 21,3 Mkr. af því fé.

Til þess að ná fram markmiðum stjórnvalda um jöfnun á kostnaði raforkudreifingar í þéttbýli og dreifbýli þarf að minnsta kosti að þrefalda þá upphæð sem nú er varið til niðurgreiðslunnar.

Orkubúi Vestfjarða er með lægsta auglýsta raforkuverð á samkeppnismarkaði og því er ekki mikið um að viðskiptavinir Orkubúsins yfirgefi fyrirtækið vegna hagstæðari kjara hjá öðrum fyrirtækjum. Á s.l. ári ákvað Orkubúið að byrja að taka við viðskiptavinum af öðrum orkuveitusvæðum og eru bundnar vonir við að ná nokkrum viðskiptum með þeim hætti.

Til samanburðar er hér greint frá auglýstu raforkuverði í smásölu hjá öllum raforkusölum landsins. Þessi verð eru án VSK.

Orkubú Vestfjarða	4,47	kr/kwh
Rafveita Reyðarfjarðar.....	4,55	" "
Orkusalan	4,57	" "
Hitaveita Suðurnesja.....	4,59	" "
Fallorka	4,65	" "
Orkuveita Reykjavíkur.....	4,74	" "

Þess má jafnframt geta að flestir raforkusalanna innheimta seðilgjöld en það gerir OV ekki. Þá innheimtir Orkuveita Reykjavíkur einnig „Tilkynningar- og greiðslugjald“ og leggst það á hvern reikning sem fyrirtækið gefur út.

Kostnaður við dreifingu raforku á Vestfjörðum verður ávallt hærri en á öðrum svæðum landsins og nægir í því sambandi að horfa til staðháttu og landslags.

Til samanburðar á kostnaði við raforkudreifingu ætla ég að greina frá verði í þremur notkunarflokkum hjá nokkrum orkuveitum eins og hann er nú. Öll verð eru með VSK. Virðisaukaskattur af hitun er 7%.

Almennur taxti: (miðað við 40.000 kWh á ári)
 Miðað er við að 85% notkunar sé vegna hitunar

	Fullt verð 25,5% VSK kr/ári	Niðurgreiðslu r vegna hitunar kr/ári	Eftir Niðurgreiðslu r kr/ári
Orkuveita Reykjavíkur.....	276.108	109.820	122.719
Rafmagnsveitur ríkisins þéttbýli.....	269.069	107.100	120.617
Orkubú Vestfjarða þéttbýli.....	247.845	97.580	112.296
Hitaveita Suðurnesja.....	239.148	103.360	97.379
Norðurorka.....	237.307	99.280	100.332
Rafveita Reyðarfjarðar.....	230.668	88.060	107.519
Orkubú Vestfjarða dreifbýli.....	373.660	146.880	169.588
Rafmagnsveitur ríkisins dreifbýli.....	373.167	144.500	171.738

Af framangreindum samanburði má göggt sjá að verð það sem notendur á veitusvæði Orkubús Vestfjarða greiða fyrir dreifingu raforku er fyllilega sambærilegt við verð annarra veitna. Sá mikli munur sem er á milli þéttbýlis og dreifbýlis stingur í augun og verður að gera þá kröfu til stjórnvalda að hann verði jafnaður hið fyrsta.

Verðskrár Orkubús Vestfjarða voru hækkaðar 1. janúar, verðskrá fyrir flutning og dreifingu raforku hækkaði um 6% og verðskrá fyrir hitaveitur hækkaði um 6%. Þann 1. júlí hækkaði verðskrá raforkusölu um 2,8%.

Þrátt fyrir hækkun á verðskrá raforkudreifingar verða tekjur OV undir þeim tekjumörkum (Tekjuramma) sem eftirlitsaðilinn Orkustofnun hefur ákveðið að sé nauðsynleg til að standa undir rekstri rafdreifikerfis Orkubúsins. Nú er svo komið að Orkubú Vestfjarða er með uppsafnaða ónýtta heimild innan tekjurammans sem nemur rúmum 700 Mkr.

Orkubú Vestfjarða hefur ávallt haft að leiðarljósi að halda orkuverði í lágmarki á veitusvæði sínu og má sjá af samanburðinum hér að framan að verðskrár Orkubúsins eru fyllilega sambærilegar við verðskrár annarra orkuveitna

Þessar hækkunir á gjaldskrár eru nauðsynlegar til þess að mæta hækkun á orkuverði frá Landsvirkjun sem og hækkun annarra kostnaðarliða í rekstri fyrirtækisins. Ennfremur eru þessar hækkunir forsenda þess að hægt sé að standa við framkvæmdaáform Orkubúsins án þess að fyrirtækið stofni til skulda.

Á s.l. ári var unnið að gerð gæðakerfis fyrir Orkubú Vestfjarða og er það vistað í svonefndri Rekstrarhandbók á rafrænu formi. Kerfið er sniðið að kröfum ISO-9001 staðalsins og er stefnt að því að fá það vottað á þessu ári. Væntingar eru um að gæðakerfið komi til með að skila bættum rekstri og agaðri vinnubrögðum. Öryggisstjórnunarkerfi OV og innraeftirlit raforkumæla kemur til með að falla inni gæðakerfið. Þessi vinna hefur leitt af sér m.a. stofnun Gæðaráðs og Neyðarstjórnar innan fyrirtækisins. Einnig var gerð þjónustukönnun meðal viðskiptavina á veitusvæði

Orkubúsins og munum við nýta hana til að bæta ímynd og þjónustu fyrirtækisins. Endurteknar kannanir munu leiða í ljós hvernig til tekst.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2011 varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 287,8 Mkr., en þegar tekið er tillit til tekjuskatts er hagnaður ársins um 230,2 Mkr.. Afskriftir námu alls 278,4 Mkr.. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2011 voru alls 5.882 Mkr. og heildarskuldir alls 757 Mkr. Eigið fé nam því alls 5.125 Mkr. sem er um 87,1 % af heildarfjármagni.

Heildarlaunagreiðslur ársins 2011 voru 382,3 Mkr. sem er 3,8% hækkun frá árinu á undan. Unnin ársverk voru 55 og fækkaði um 2 frá fyrra ári.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Sigurjón K. Sigurjónsson mun hér á eftir leggja fram og skýra ársreikning fyrirtækisins og fjármálastöðu þess og hef ég því ekki fleiri orð um fjármálin og niðurstöðu reikninga.

Fækkun íbúa á Vestfjörðum er staðreynd og alvarlegur vandi sem við stöndum frammi fyrir. Það verður að spyrna við fótum nú þegar og reyna að snúa þessari þróun við. Fyrstu og brýnustu mótaðgerðir verða að koma frá ríkisvaldinu og þær eru að mínu mati bætтар samgöngur og jöfnun búsetuskilyrða. Með jöfnun búsetuskilyrða á ég m.a. við fulla jöfnun húshitunarkostnaðar og fulla jöfnun á kostnaði við dreifingu raforku í dreifbýli.

Svo sem ég gat um í upphafi er raforkuverð í þéttbýli á Vestfjörðum fyllilega samkeppnisfært við það sem best gerist annars staðar á Íslandi. Orkubú Vestfjarða mun ekki geta selt viðskiptavinum sínum orku við lægra verði en nú er nema að ódýrari orka til húshitunar finnist á Vestfjörðum.

Meðan nýjar og ódýrari lausnir finnast ekki, er það skylda ríkisvaldsins að jafna orkuverð í landinu bæði hvað varðar mismun dreifingarkostnað raforku milli dreifbýlis og þéttbýlis og einnig mismun í upphitunarkostnaði eftir því hvort viðkomandi hefur aðgang að ódýrri jarðhitaveitu eða þarf að kynda hífýli sín með rafmagni.

Stjórn Orkubús Vestfjarða er nú á endasprettinum með stefnumótunarvinnu sem hófst undir lok ársins 2008. Þessi vinna hefur leitt til þess að eftirfarandi gildi hafa verið ákvörðuð sem grunnildi Orkubús Vestfjarða:

Þjónusta, áreiðanleiki og framsækni.

Þjónusta þar sem viðskiptavinurinn er í fyrirrúmi og þjónustulund, virðing og heiðarleiki stýra athöfnum starfsmanna.

Áreiðanleiki þar sem þekking starfsfólks, fagmennska öryggi er sett í öndvegi.

Framsækni þar sem ríkir metnaður, víðsýni og krafa um árangur.

Í stefnumótunavinnunni var hlutverk Orkubús Vestfjarða sett fram á eftirfarandi hátt:

Hlutverk OV er að fylla heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum ljósi, yl og krafti með faglegri þjónustu og stuðningi okkar við Vestfirskar byggðir.

Við hagnýtum þekkingu okkar og lausnir til að virkja krafta Vestfjarða á hagkvæman hátt og aukum þannig lífsgæði viðskiptavina okkar.

Ég flyt samstarfsfólki mínu hjá Orkubúi Vestfjarða ohf. bestu þakkir fyrir góð störf og góðan samstarfsvilja. Ennfremur þakka ég stjórn fyrirtækisins og stjórnarformanni farsælt og ánægjulegt samstarf.

Hafið þökk fyrir áheyrnina.